

## Auður Capital hagnast

● FJÁRMÁLAFYRIRTÆKIÐ Auður Capital hagnaðist um **56 milljónir króna** á árinu 2008, sem var fyrsta rekstrarár fyrirtækisins, samkvæmt tilkynningu. Þar segir að fyrirtækið sé **skuldlaust** og að eigið fé þess sé um **1,2 milljarðar króna**. Reikningur Auður Capital fylgir ekki tilkynningunni og ekki eru gefnar ítarlegri upplýsingar um rekstur og efnahag.

Stjórn Auðar ætlar að leggja tíu milljónir í stofnframlag í góðgerðarsjóðinn **AlheimsAuður**. Markmið sjóðsins er að hvetja konur til athafna og frumkvæðis og verður sérstaklega horft til þess að ljá konum á vanþróuðum svæðum heimsins styrk. [gretar@mbl.is](mailto:gretar@mbl.is)

